


✉ Umsögn NÍ um fjallaskála í Ásahreppi

Búið til	5.8.2022 14:00:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	5.8.2022 13:48:45
Tilheyrir	 202207-0021 - Skálar á Holtamannafrétt, skipulagslýsing, deiliskpulag - ósk um umsögn

Efni

Umsögn NÍ um fjallaskála í Ásahreppi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	5.8.2022 13:48:45	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	ellisif@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir uppbyggingu fjallaskála í Holtamannafrétti, Ásahreppi:

Tilvísun í mál nr. 202207-0021 (LA, SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 12. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu deiliskipulags fyrir fjóra skála á Holtamannafrétt.

Um eru að ræða fjóra skála sem eru í eigu Ásahrepps, Veiðifélags Holtamannafréttar og í einkaeigu. Skálarnir eru allir innan þjóðlendu og ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir þá. Í Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 eru skálarnir á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á mikilvægi þess að meta skipulagsgerðina með tilliti til áhrifa á óbyggð víðerni. Aukin uppbygging, aukin ferðapjónusta og umferð hefur áhrif á þann þátt í skilgreiningu á óbyggðum víðernum í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 sem snýr að því að hægt sé að njóta náttúrunnar í víðernum án truflunar. Víða á hálendinu eru aðstæður af þeim toga og fara þarf varlega til að tryggja að þær tapist ekki með tilheyrandi umhverfisáhrifum á sérstöðu hálendisins. Mikilvægt er að sveitarfélagið

móti sér afstöðu um hvernig stefnt sé að því að tryggja verndun óbyggðra víðerna samkvæmt markmiðum 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Rýna þarf öll kynnt skipulagsáform um fjallaskála í því samhengi og aðlaga áformin þannig að dragi úr líkum á að óbyggðum víðernum fækki eða þau minnki. Að öðrum kosti má rökstyðja að skipulagsáform séu á skjön við markmið náttúruverndarlaga og tilmæli Landskipulagsstefnu 2015-2026 um verndun víðerna á miðhálandi Íslands.

Stefnt er að vinnu við svæðisskipulag Suðrhálendis og eru þjóðlendum á Holtamannafrétt innan þess skipulagssvæðis. Skipulagslýsing hefur verið kynnt fyrir það verkefni. Náttúrufræðistofnun telur að álitlegt hefði verið að klára stefnumótun um uppbyggingu fjallaskála í vinnu við svæðisskipulag á heildstæðan hátt, áður en ákvarðanir eru teknar um áform einstakra sveitarfélaga þar sem stefnt er að umtalsverðri uppbyggingu fjallaskála á hálandinu. Mikil breyting verður á svæðinu í heild ef til allrar þessarar uppbyggingar kemur, einkum með tilliti til ásýndar og landslagsáhrifa en aukin notkun og umferð á svæðinu eykur einnig álag á lífríki svæðisins, bæði gróður og dýralíf.

Að mati Náttúrufræðistofnunar skortir heildstæða sýn um umfang og eðli uppbyggingar í fjallaskálum innan hálandismarka á Suðurlandi sem og víðar, og telur stofnunin að vinna í svæðisskipulagi Suðrhálendis sé afar mikilvægt tækifæri til að mynda sameiginlega sýn um málið. Sú sýn þarf að taka tillit til lögbundinna markmiða um verndun óbyggðra víðerna, landslags, jarðminja og annarra náttúruminja á hálandinu. Það er því nokkuð ótímabært að mati Náttúrufræðistofnunar að samþykkja uppbyggingu við marga áfangastaði á hálandinu áður en þessi sameiginlega sýn er fest í sessi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsingu deiluskipulags fyrir fjóra skála á Holtamannafrétt og gerir sérstaklega athugasemdir við uppbyggingu fjallaskálans Gásagusts sem er innan friðlands Þjórsárvera. Húsið var byggt 1974 og er ekki nýtt í dag vegna lélegs ástands. Samkvæmt skipulagslýsingu eru áform um að rífa húsið og heimila byggingu á þremur nýjum húsum, samtals 300 m², með gistingu fyrir 30 gesti.

Á bls. 11 er vitnað í friðlýsingarskilmála Þjórsárvera og þar stendur: „*Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar.*“ . Náttúrufræðistofnun metur hins vegar fyrirhugaðar byggingar innan friðlandsins vera nýjar framkvæmdir sem brjóta í bága við markmið friðlýsingarinnar um að vernda landslagsheild Þjórsárvera og víðerni. Hús í niðurníðslu innan friðlandsins á að fjarlægja.

Náttúrufræðistofnun telur að varlega þurfi að fara í skipulagi um mikla og víðtæka uppbyggingu á hálandisafréttum án þess að lagt sé heildstætt mat á samlegðaráhrif allrar uppbyggingarinnar á víðerni og náttúru svæðisins. Samlegðaráhrif allra áformaðra framkvæmda innan hálandismarka Uppsveita munu valda miklum breytingum á svæðinu og hætta er á að þær verði ekki í góðu samræmi við markmið náttúruverndarlaga og tilmæli Landskipulagsstefnu 2015-2026 um verndun óbyggðra víðerna. Bent er á núverandi vinnu við gerð svæðisskipulags Suðrhálendis sem mikilvægan vettvang til að móta sameiginlega heildstæða stefnu um uppbyggingu ferðaþjónustu á öllu svæðinu.

Tryggja þarf að áform innan friðlýstra svæða séu ekki í andstöðu við markmið friðlýsingar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stígum ef tækifæri gefst.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (5 KB)